

Til foreldra í grunnskóladeild.

Kæru foreldrar, hér í viðhengi á þessum hlekk er viðbragðsáætlun okkar vegna áhrifa Covid 19 á starfið í skólanum. Starfsfólk skólans hefur um helgina og í dag unnið hörðum höndum að því að aðlaga verkferla og skipulag að nýjum tímabundnum veruleika okkar allra og við biðjum ykkur um að setja ykkur fljótt og vel inn í nýja verkferla og hjálpa okkur að ræða um þetta við börnin. Ákvarðanir okkar byggja á tilmælum Almannavarnarnefndar og ráðleggingum sóttvarnarlæknis en við tökum einnig mið af aðstöðu okkar og mönnun hverju sinni. Hér komum við fram með nýtt skipulag/áætlun sem auðveldlega getur þó raskast ef útbreiðsla veikinda verður almenn eða ef það verður mannekla. Okkur öllum til hvatningar bið ég ykkur um að kynna ykkur þessa yfirlýsingu, hún á við hér sem og annars staðar á landinu.

<https://www.ki.is/um-ki/utgafa/frettir-og-pistlar/frettir/2020/sameiginleg-yfirlýsing-vegna-ahrifa-covid-19-a-skolastarf/>

Fyrstu ráðstafanir eru eftirfarandi en nánar um ráðstafanir skólans í heild má lesa í viðhengjum sem fylgja þessum pósti. Þar má finna upplýsingar um félagsstarf og tónlistarskólann.

- Við biðjum ykkur að sjá til þess að börnin ykkar séu búin að þvo hendur áður en þau koma í skólann.
- Við þurfum almennt að hafa hópa aðgreinda og með ákveðnum kennurum og megu ekkí samnýta rými lengur. Því höfum við útbúið nýja stundatöflu fyrir hvern hóp og nemendur munu fá kynningu á henni á morgun. Gert er ráð fyrir kennslu í skólanum að svo stöddu. Við biðjum ykkur um að skoða tímasetningar og viðbragðsáætlun sem er hér í viðhengi.
- Það getur komið upp sú staða að við þurfum að fella niður skóladag vegna veikinda eða fjarveru starfsfólks. Það getur átt við einstaka hópa, einn eða fleiri í einu eftir atvikum.
- Hefðbundin íþróttakennsla, sundkennsla og list- og verkgreinar falla niður í þeirri mynd sem við þekkjum.
- Mötuneyti verður lokað nemendum og því biðjum við nemendur í 1.-7. bekk að koma með nesti í skólann. Þau fá eftir sem áður ávexti á venjulegum tíma að morgni.
- Nemendur í 8.-10. bekk eiga að fara heim í matartímanum, þeirra matartími er á hefðbundnum tíma 11:45-12:30.

- Skólinn opnar á hefðbundnum tíma 7:50 og eru nemendur beðnir um að fara beint í sínar stofur. Kennsla hefst hjá öllum kl:8:15.
- Frímínútur eru skipulagðar af kennurum og nemendum og nemendur þurfa að klæða sig eftir veðri.
- Skólasel er starfrækt fyrir nemendur í 1.-2. bekk frá kl 13:00-15:00.
- Skóladagur nemenda skerðist um það bil 30 mínútur á dag.
- Séu nemendur eða aðstandendur þeirra í áhættuhópi vegna COVID-19 smits biðjum við ykkur að hafa samband við umsjónarkennara eða aðstoðarskólastjóra.
- Nemendur sem eru slappir eða kvefaðir eiga að vera heima til að við séum öll sem best í stakk búin til að takast á við önnur veikindi.
- Foreldrar sem fara í sóttkví hafa börnin sín heima.
- Ef nemendur eða fjölskyldumeðlimur smitast af COVID 19 veirunni er mikilvægt að láta skólann (aðstoðarskólastjóra) vita.
- Umsjónarkennarar munu gefa nánari upplýsingar um breytingar á verkefnavali og starfið á næstu dögum.
- Gert er ráð fyrir að við séum að undirbúa okkur undir möguleikann á fjarkennslu næstu daga, komi til hennar.
- Að öðru leyti er vísað til viðbragðsáætlunar

Með kærri kveðju
Fyrir hönd stjórnenda og alls starfsfólks
16.mars 2020

Svandís Egilsdóttir
Skólastjóri